

Heimildin, 25.10.2024, síðu 40.
grein stærð: 933.33 sm2
grein hæð: 37.80 sm



„Ég var að mála partíið innra með mér“

„Að losa mig við nauðgunarbyrðina endurnýjaði mig sem höfund og listamann,“ segir **Hallgrímur Helgason**, nú þegar hann fagnar listrænum sigrum – sem hefðu jafnvel ekki orðið svo magnaðir án áfalla fortíðar. Sköpun hans á sér engin takmörk, líkt og sjá má á yfirlitssýningu á verkum hans og í lokabindi þríleiks hans. Hann ræðir eitt eitraðasta málið í íslenskum bókmenntaheimi; þegar hann steig fram sem þolandi nauðgunar og mætti háði voldugra penna – meðal annars hjá RÚV.

TEXTI: **AUÐUR JÓNSDÓTTIR** | MYNDIR: **GOLLI**

Segja má að Hallgrímur andi með samfélaginu. Sem rithöfundur, listamaður og samfélagsrýnir. Þessi hlutverk renna saman í eina rödd; eins ríka af orðum og hún er litrík og kröftug.

„Það hefur verið mín helsta pólitíska skylda að vera á vaktinni gagnvart spillingu og misbeitingu valds,“ segir hann aðspurður um samfélagsrýnina sem lúrir einnig í bókum hans. „Ég er lélegri í launatöflum, efnahagsmálum og verkalýðsbaráttu; ekki vel læs á peningamál. En þegar kemur að réttlætismálum og spillingarmálum er ég á heimavelli. Þá reyni ég að láta heyra í mér.“

Hvaðan kemur sú hvöt, að finna til pólitískrar skyldu?

„Ég fékk eitt sinn heiðursorðu frá Frökkum. Af því tilefni flutti franski sendiherrann ræðu um leið og hann setti á mig orðuna og sagði að ég væri „écrivain engagé“ – en það er ákveðið hugtak sem Frakkar eiga yfir þá rithöfunda sem auk þess að skrifa skáldskap blanda sér í umræðu dagsins og berjast fyrir bættu samfélagi. Í Frakklandi er löng hefð fyrir slíku. Victor Hugo – einn af mínum uppáhalds – sat til að mynda á franska þinginu en lenti síðan í ónáð Napóleons þriðja og var neyddur í tveggja áratuga útlegð á eyjunum í Ermarsundi, Jersey og Guernsey, þar sem hann skrifaði reyndar sín bestu verk. En þetta sýnir hvernig valdið óttast oft öfluga rithöfunda.“

„Hinir þægustu lifa af“

Hallgrímur á það til að brjótast inn í samfélagsumræðuna líkt og gjörningalistamaður með greiningum sínum og ferskum orðum. Orðum sem festa rætur í hugskoti fólks. Rétt eins og Bláa höndin hefur staðið fólki fyrir hugskotssjónum síðan sú fræga grein birtist í Morgunblaðinu í september árið 2002: *Baugur og Bláa höndin*. Í greininni sagði meðal annars: „Bláa höndin er blá vegna þess að hún tilheyrir bláum armi, vegna þess að í æðum hennar rennur blátt blóð og vegna þess að hún er að blána upp …“

Myndin greypti sig í táknminni samfélagsins.

> ***Það hefur verið mín helsta pólitíska skylda að vera á vaktinni gagnvart spillingu og misbeitingu valds***

Í lokaorðum greinarinnar býr pólitísk skylda höfundar sem þarf að tjá sig og segir: „Já. Aumt er það. Hægrimenn öfunda annarra hag og vinstrimenn hugsa bara um eigin hag. Öllum er sama um þjóðarhag. Og eftir sitjum við með óbreytt ástand. Markaðskerfi sem hefur snúið lögmáli sínu upp í tóma meðalmennsku: „Hinir þægustu lifa af.““

„Segja má að Davíð hafi sannað ofríki sitt

Þegar nefnd er myndræna orðanna – Bláa höndin – minnist hann þess að ástandið undir völdum Davíðs Oddssonar hafi verið svo erfitt að enginn hafi getað komið því í orð.

„En með þessu hugtaki Bláa höndin myndgerist ástandið og fólkið fær hugtak til að nota. Þetta geta rithöfundar manna best, fangað ástand í orð. Bláa höndin varð nú bara til í partíi og raunar var það ekki ég sem átti hugmyndina. En fólkið vildi endilega að ég notaði hana. Áður þekktust hugtökin Svarta höndin, yfir mafíuna í Bandaríkjunum, og Rauða höndin í Frakklandi, þannig að þetta var borðleggjandi heiti á bláa valdið sem enn ræður öllu í okkar samfélagi, frá fiskveiðum og fiskeldi að lögreglu og dómsvaldi. Davíð var búinn að ríkja svo lengi að hann skipti öllu þjóðfélaginu í tvennt, að hætti ofkonunga: Þau sem eru með mér og þau sem eru á móti mér. Hann var búinn að ná fullkomnu valdi á pólitíkinni, átti enga alvöru andstæðinga lengur þar og var



Heimildin, 25.10.2024, síðu 41.
grein stærð: 1068.96 sm2
grein hæð: 37.71 sm



því farinn að leita að andstæðingum á kaffihúsum bæjarins, leita uppi sögur um hvað var sagt um hann þar. Þannig að þegar greinin um Bláu höndina birtist þá var ég samstundis kallaður á teppið.“

Hafði það afleiðingar?

„Já, það olli því að hugtakið varð frægt og festist í sessi. Segja má að Davíð hafi sannað ofríki sitt með þessu. Ég man enn þá svipinn á Illuga Gunnarssyni, vini okkar, sem þá var aðstoðarmaður hans, hann stóð þarna stokkrauður við dyrnar, eins og svissneskur vörður í Vatíkaninu, og vísaði mér, grófum guðlastaranum, inn til pápa.“

En hafði þetta áhrif á líf þitt?

„Já, að einhverju leyti. Til góðs. Maður var tekinn alvarlega. Það felst í því heilmikill heiður þegar forsætisráðherra kallar mann á teppið. Það undirstrikar mikilvægi þessa höfundar. Svipað og að fá bókmenntaverðlaun. Ég vil því nota tækifærið og þakka Davíð Oddssyni kærlega fyrir, um leið og ég segi við hann: Long time no see.“

„Enginn þorði að segja neitt“

Hallgrímur hefur lengi verið aflvaki í umræðu samfélagsins um leið og hann speglar það. Ósjaldan sá sem stígur fyrst fram. Sjálfur kveðst hann vera furðuleg blanda af róttæklingi og íhaldsmanni:

„Í rauninni er ég voðalegt íhald líka. Ég skrifa hefðbundnar skáldsögur, mála fígúratíf málverk, yrki rímað og stuðlað svo ég er ekki í neinum formbyltingum þar. Ég er kominn af íhaldsfólki í báðar ættir þó að pabbi hafi verið í Alþýðubandalaginu. Þannig að þetta er eitthvað skrýtið. En þegar ég sé meðvirkni með valdi heltaka samfélagið þá getur maður ekki orða bundist. Eins og þegar Davíð Oddsson var og hét. Þá bjuggum við við ofríki forsætisráðherra sem var bara einum kosningum frá því að verða einræðisherra. Enda dýrkar hann Trump í dag. Í slíku ástandi verður maður auðvitað að segja eitthvað. Þegar maður fann að allt þjóðfélagið var þrúgað af þessu ofríki og enginn þorði að segja neitt,“ segir hann og vindur sér því næst í nútímann.

„Svona bíræfni þekktist bara í Rússlandi“

„Síðan kom Katrín með sín sjö ár sem voru allt annars eðlis. Allt önnur tegund af stjórnmálamanni. Af því ég þekkti hana persónulega gagnrýndi ég hana aldrei eins og manni fannst stundum tilefni til, þrátt fyrir að stjórn hennar væri auðvitað spillt með fyrrum stjórnarformann Samherja sem sjávarútvegsráðherra, pabbasölu á ríkisbanka og lögmann KS að semja búvörufrumvarp. Maður hélt sig á mottunni í sjö ár. En þegar hún fór í forsetaframboð þá datt ég af mottunni. Svona bíræfni þekktist bara í Rússlandi. Svo sjáum við það í dag að auðvitað gekk það aldrei að hún hefði orðið forseti. Enginn hefði viljað sjá Bjarna Ben fara á Bessastaði til fundar við Katrínu Jakobsdóttur og biðja um þingrof sem Svandís var á móti. Þannig að þjóðin er auðvitað klárust af okkur öllum og veit alltaf hvað hún er að gera.“

Mat rýnanda: „Meistaraverk sem mun lifa okkar tíma“

Hallgrími er umhugað um þjóðina – hvort sem er í skáldverkum eða samfélagsrýni. Hið erkiíslenska mætir umheiminum; hvort sem það er í 101 Reykjavík eða Konan við 1000 gráður.

Í dómi sínum um lokabindi þríleiksins skrifar Páll Baldvin Baldvinsson: „Á tíu árum hefur Hallgrímur skrifað þrjár skáldsögur sem sækja efni sitt í upphafsár síldveiða frá Siglufirði fram á kreppuárin, nær hálfrar aldar tímabil.“

Og dóminn botnar hann svo: „HH hefur gefið okkur meistaraverk sem mun lifa okkar tíma og móta skilning og þekkingu, tilfinningu komandi kynslóða um það háskalega ævintýri sem upphaf síldveiða við Siglufjörð var – ef okkur auðnast að halda lestri og tungumálinu lifandi.“

Í sagnabálki sínum – Sextíu kílóa þríleiknum – spriklar tungumálið þegar Hallgrímur segir sögu þjóðar í gegnum Gest Eilífsson sem fannst tveggja ára við spena belju þegar snjóflóð hafði keyrt torfkofann í kaf og faðir hans hrapar heim til sín í gegnum fönnina, þar sem kona hans dinglar bláfrosin út úr skafli.

Framhald á næstu opnu ▸



Heimildin, 25.10.2024, síða 42.
grein stærð: 808.11 sm2
grein hæð: 35.08 sm

Gat skrifað út frá eigin reynslu

Í þriðja og síðasta bindi er Gestur kominn vestur um haf, til Ameríku. Allt þenst út og stækkar, hann er búinn að lifa síldina og veröldin hefur umbreyst úr torfkofa í New York. En torfkofinn sjálfur í steypu með rafmagni.

Sjálfur bjó Hallgrímur ungur í New York, þar sem hann hélt úti hinum frægu þáttum *Útvarp Manhattan*. En hann hefur líka orðið fyrir kynferðisofbeldi og sama verður hlutskipti Gests. Saga þjóðar er eins og persóna í þríleiknum en um leið er eins og eitthvað af Hallgrími búi í Gesti – er það meðvitað?

„Bæði og. Í fyrstu skrapp ýmislegt úr minni eigin reynslu ómeðvitað inn í persónu hans, einkum varðandi ástarmál og já, kynferðisleg áföll. Síðan spinn ég það kannski meira meðvitað inn í þetta lokabindi þríleiksins, eins og þegar gantast er með bernskuhrylling hans í blaðagrein. Þar gat ég auðvitað skrifað út frá eigin reynslu.“

Hvernig heyrirðu hvernig fólk á þessum tímum talar?

„Ég þefa það uppi í ævisögum og sagnaþáttum og spila út frá því. Stundum bý ég til ný orð sem virka gömul og lesandinn heldur kannski að hafi verið notuð á þessum tíma, þegar þau eru hins vegar bara eitthvað sem verður til í skriftastuðinu. En stundum finnst mér hreinlega eins og framliðnir tali og yrki í gegnum mann. Það var til dæmis tilfellið með Káinn, sem er persóna í þessari nýju bók. Hann orti yfir tuttugu vísur í gegnum mig sem ég læt hann segja í sögunni.“

„Þessi 100 ára dýpt“

Aðspurður hvort hann reyni að skilja samfélagið með því að spegla það í í sögu þess, svarar Hallgrímur: „Um leið og maður skrifar sögulega skáldsögu er maður alltaf líka að ávarpa ástandið í dag. En á dýpri hátt. Maður kafar í djúp sögunnar og ritar um 100 ára gamla atburði. Þar með er komin viss dýpt, 100 faðma dýpt, en um leið endurkastast það ljósblik upp til okkar í nútímanum og áfram inn í komandi tíma svo úr verður samtal nútíðar, fortíðar og framtíðar. Höfundurinn er að skrifa um fortíðina frá sjónarhóli nútíðar en fyrir framtíðina.

Þannig búa alltaf hundrað ár í hverri setningu. Það er þessi 100 ára dýpt sem gerir sögulegar skáldsögur safaríkari en aðrar.

Samtími okkar er náttúrlega bara bláendinn á mjög löngu snæri sem nær aftur á landnámsöld. En er í raun alltaf sama snærið. Snærið sem Jón Hreggviðsson reyndi að stela, snærið sem að hljóp á í byrjun tuttugustu aldar og snærið sem enn vefst okkur um fót. Hlutirnir breytast ekki mjög mikið því þeir eru alltaf framhald af hinu liðna,“ segir hann.

„Þá dreymir mig titilinn“

Og því næst: „Í nýju sagnfræðiriti, Ástand Íslands árið 1700, segir að Ísland hafi þá verið það sem kallast afæturíki. Sársoltinn og margplágaður almúginn greiddi dönskum kóngi tíund og innlenda valdastéttin fékk greitt fyrir að innheimta þá tíund. Þannig lifðu hirð og embættismenn á landsmönnum en færðu þeim ekkert í staðinn. Blessað fólkið fékk ekkert fyrir skattana sína, enga þjónustu, enga innviði, engar framfarir. Í grunninn hefur þetta breyst alltof lítið. Yfirstéttin okkar hefur aldrei verið ríkari, samt eru kerfin okkar að grátmörkum komin.“

Hvað fékk þig til að fara út í að skrifa þennan mikla sagnabálk?

„Með aldrinum fer maður að leita í stærri áskoranir og viðfangsefni. Og takast á við fortíðina. Siglufjörður hefur setið í mér síðan 1975 þegar ég keppti þar á skíðum. Seinna kom ég þar oft og heillaðist snemma af Síldarminjasafninu. Síldarárin eru heillandi tími og ég furðaði mig löngum á því að enginn hefði skrifað skáldsögu um hann, nema náttúrlega HKL, en það er svona aukasaga hjá honum, og ekki hans besta. Svo voru það tilviljanir sem ýttu mér af stað. Í einni skíðaferðinni heyri ég fyrir tilviljun kafla úr ævisögu kotbónda frá nítjándu öld, sem Bólu-Hjálmar ritaði, kafla sem gaf mér opnunarsenuna í fyrsta bindinu. Stuttu síðar fór ég með dóttur mína á fótboltamót þarna. Þá dreymir mig titilinn, í tjaldi, eina nóttina. Um leið vitraðist mér að ég gæti nýtt Sigló til að segja Íslandssöguna í einum firði.“

Sex skrýtnir karakterar – hið innra

„Þessi draumur sko,“ segir hann og um leið stari ég á sjálfsmynd hans andspænis okkur á Kjarvalsstöðum; eitt málverk af þremur sjálfsmyndum, þar sem draumkenndar verur fléttast saman í sterkum litum og ég spyr hvort honum líði svona eða hvort þetta séu partarnir innra með honum sjálfum.

„Ég gerði fullt af svona myndum með sex skrýtnum karakterum, svarar hann. „Síðan fattaði ég að allir væru þeir hlutir af mér. Þá fór ég að vinna meðvitað með það sem nýja tegund af sjálfsmynd, mynd sem sýnir innra sjálfið frekar en það ytra, semsagt hópmynd af sjálfi.“

Eru átök á milli þessara karaktera?

„Já, oft eru þeir í einhverju stríði. Og ég skil ekki alveg allar þessar myndir. Ég bara leyfi mér að vinna í óvissuástandi, og vera ekki að negla allt niður. Þannig að það bíður annarra að túlka þetta. Hin klassíska sjálfsmynd er bara mynd af listamanninum, útliti hans eða hennar. En þarna var ég kominn með marga ólíka karaktera, sem áttu samt eitthvað sameiginlegt. Ég var að mála partíið innra með mér, fagna karakterunum sem kvikna innra með mér, líkt og gerist þegar skáldsagnapersónur fæðast út úr engu.“

Bregst við þjóðarmorðum á Gaza og í Úkraínu

Til hliðar við okkur er málverk af karlmönnum í Palestínu að bera barnslík. Að baki okkur: myndir af lemstruðum þjóðarleiðtogum.

Hallgrímur kveðst í sumar hafa málað portrett af heimsleiðtogum: „... þegar mér fannst ég verða að bregðast við þessum tveimur þjóðarmorðum sem eru í gangi, á Gaza og í Úkraínu. Maður verður svo reiður út í fólkið sem er ábyrgt eða meðábyrgt fyrir þessum árásum. Fólkið sem fóðrar þessar stríðsvélar með vopnum eða gerir ekkert til að stöðva þær. Svo vaknaði ég einn daginn með mynd af Biden í hausnum þar sem hann grætur svörtum tárum. Úr varð tólf mynda sería af þjóðarleiðtogum sem stríðsfórnarlömbum.“

Hann fór líka að mála beinar myndir upp úr stríðsglæpunum á Gaza. „Fólk að bera út börn úr hrynjandi húsum. Myndir sem hafa birst í símanum hjá manni á hverjum morgni mánuðum saman og maður skrollaði bara í gegnum þetta. Sumar myndirnar voru eins og endurreisnarmálverk sem ég endaði svo á því að mála.“

Símarnir sýna voðaverkin á Gaza

Síðan fór Hallgrímur á mótmæli í janúar fyrir utan Ráðherrabústaðinn og náði að fanga mynd sem varð að málverki.

„Mjög myndrænt augnablik sem ég tók mynd af sjálfur. Mótmælendur með farsíma á lofti, blaktandi Palestínufánar, ljósmyndarar og tökumenn og löggur á verði. Katrín kom út að tala við fólkið, alltaf jafnnæs og diplóg, og í dyragætt hátt yfir mannskapnum stóð jakkafataklæddur maður, mjög valdsmannslegur. Þarna kviknaði mynd sem vísaði í margar áttir, að sjá manninn í dyrunum minnti mig á eitt frægasta málverk sögunnar, Las Meninas eftir Velázguez. Þarna var feðraveldið og líka nýja valdið, í gervi Katrínar, upplýst af flassljósum fjórða valdsins og þjakað af ákúrum almannavaldsins þar sem mótmælendur voru, og augnablikið fangað í sömu símana og sýndu okkur voðaverkin á Gaza.

> *Maður verður svo reiður út í fólkið sem er ábyrgt eða meðábyrgt fyrir þessum árásum*

Katrín bauð síðan foringjum hópsins inn í Ráðherrabústaðinn og hlýddi á orð þeirra en auðvitað gerðist svo aldrei neitt, hún var bundin af samstarfsflokkunum. Stjórnin hefur enn ekki mótmælt þjóðarmorðinu á Gaza, en stendur auðvitað með Úkraínuþjóð gegn Rússum. Ég sé engan mun á þessum tveimur þjóðarmorðum og hef enga þolinmæði gagnvart þeim sem mótmæla öðru en ekki hinu. Eini munurinn er að á syðri staðnum er verið að drepa fólk af öðrum kynþætti og því snýst þetta allt um rasisma fyrst og fremst. Þetta er bara eins og við værum á hverjum morgni með nýjustu fréttir úr gasklefunum í seinni heimsstyrjöldinni. Og samt gerum við ekkert. Sagan á eftir að dæma okkur hart.“

Eina vonin að vera í NATO

Þarna er líka mynd sem Hallgrímur málaði stuttu eftir að innrásin í Úkraínu hófst, merkt Mariupol. „Á upphafsdegi stríðsins var ég staddur á bókamessu í Vilnius í Litáen, að kynna 60 kíló af sólskini, og átti að halda ræðu um kvöldið í ráðhúsinu. Ég varð náttúrlega að minnast á þetta, en fann þó fyrir ótta að tala um Pútín, verandi staddur í Litáen. Sá fyrir mér að rússneskur útsendari myndi finna mig á hótelinu og lauma antraxi út í kaffið, annað eins hafði nú gerst. Samt endaði ég nú á því að tala um „the dumbass that rolled into Donbas this morning“. Þarna í Vilnius fann maður svo áþreifanlega fyrir innrásinni og því hversu hræðilegt þetta var. Konur stóðu á messubásum sínum og grétu, héldu að næst yrði ráðist inn í þeirra land, og ákölluðu Natóog Bandaríkin. Eina vonin var veran í NATO. Á meðan las ég á íslensku fésbókinni að innrásin væri NATO að kenna! Það var hollt að sjá þetta frá sjónarhorni þess sem um aldir hefur búið við nálægðarógn Rússlands.“

„Djúpsálarleg tjáning á hlutverki þolandans“

Grim er á nokkrum myndum, þetta hliðarsjálf Hallgríms – *eða er hann það?*

„Hann varð til árið 1995 í París. Ég var þá á mjög lágum stað í mínu lífi. Fannst eins og það væri búið að henda mér í ruslið. Nýskilinn. Og eyðilagður. Þá verður Grim til sem einhvers konar hjálp. Eftir á tengi ég þetta við kynferðisofbeldi sem ég hafði orðið fyrir og var ekki búinn að segja neinum frá. Atburður sem gerst hafði fimmtán árum áður en Grim fæddist. Þetta var einhvers konar djúpsálarleg tjáning á hlutverki þolandans. Frá því ég kom út úr skápnum með ofbeldið, árið 2015, hef ég svo ekki gert neina Grim-mynd. Ég hef ekki fundið þörfina, er kominn á nýjan stað.“

Í skáldævisögunni Sjóveikur í í München, skrifar Hallgrímur um þegar honum var nauðgað af ókunnugum karlmanni, í ferð til Ítalíu. Bókin kom út árið 2015 og í viðtali í Fréttatímanum sagði hann: „Um suma kafla fékk ég þau komment frá yfirlesurum að þeir væru ekki nógu sannfærandi, þá hafði ég ekki þorað að fara alla leið inn í gamlan sársauka. Það var einkum í kafla sem lýsir nauðgun, en það er nú eitt af því sem gerist á lífsleiðinni að manni er nauðgað af ókunnugum manni í erlendri borg.“

Síðar í sama viðtali segir hann: „Þetta var orðið eins og sveskjusteinn á sálinni sem var orðinn svo glerharður að ég þurfti virkilega að taka á öllu mínu til að ná að leysa hann upp svo hann gæti gengið niður af mér.“

„ Að gera grín að mér fyrir að hafa verið nauðgað“

Stuttu eftir að bókin kemur út skrifar Guðbergur Bergsson grein í DV: „... þar sem hann gerir stólpagrín að okkur Jóni Gnarr fyrir að velta okkur upp úr gömlum áföllum til þess eins að selja jólabækurnar okkar. Ég var í matsal Moggans í viðtali hjá Árna Matthíassyni þegar hann sagði mér mjög varlega frá því að það væri kannski eitt sem ég þyrfti að vita, eða lesa, og benti mér á eintak af DV. Þar var þessi mikli rithöfundur að gera grín að mér fyrir að hafa verið nauðgað sem ungum manni og klykkti út með: „Hvaða kynvillingur hafði svona slæman smekk?“ Ég dofnaði bara upp og missti trúna á mannkynið. Ég er þakklátur Árna, hann leiddi mig að þessu varlega, með smá formála.“

Í sömu viku mætir Hallgrímur í viðtal á Rás 2 um eitthvað allt annað. En eftir hresst spjall, eins og hann orðar það, hljómaði síðasta spurningin á þessa leið: *Hvað segirðu, hver eru þín viðbrögð við grein Guðbergs?*

„Ég var ekkert búinn að hugsa en það skrapp út úr mér að ég vonaðist til að enda ekki svona bitur og öfundsjúkur sem gamall maður eins og Guðbergur. Svo leið kannski mánuður þar til Eiríkur Guðmundsson flytur pistil í Víðsjá þar sem hann endurómar pistil Guðbergs af einhverr aðdáun. Það hlakkar í honum að Guðbergur hafi tekið mig í bakaríið. Og ég hlustaði óvart á þetta á leiðinni heim í bílnum og þá bara gafst ég upp,“ segir Hallgrímur sem hafði þá afgreitt grein Guðbergs eins og eitthvert skot frá óknyttapilti.


„Hann er bara eins og hann er, hugsaði ég. Vanþroskaður! En þegar þetta var komið inn í menningarþátt RÚV fannst mér það horfa öðruvísi við. Um leið var það svolítið áfall að sjá ýmis nöfn í menningarlífinu verja bæði grein Guðbergs og pistil Eiríks. Fólk að hrósa Guðbergi fyrir að vera svona rosalega beittur! Ég bara missti álitið á því fólki.“

En getur verið að þessir framsæknu pennar hafi í þessum málum verið afsprengi tíðaranda sem er kominn yfir síðustu dagsetningu? Ætlað að vera hæfilega ósvífnir í bókmenntaumræðu en ekki áttað sig á alvöru málsins?

„Já, gott ef ekki. Kynslóðin á undan mér var öll mjög komplexeruð og í raun illa farin af dómhörku og harðneskju sem ríkti í þjóðlífinu á kaldastríðstímanum. Þetta fólk átti oft erfitt með einlægni en hafði margt bjargað sér með því að leita skjóls í massífri sjálfhverfu. Þessi kynslóð er líklega sú sjálfhverfasta í sögunni. Það var allavega niðurstaða mín þegar ég hlýddi eitt sinn á Friðrik Þór lýsa marki sem hann skoraði í bumbubolta eins og það væri flottasta mark sem skorað hefði verið á HM, alveg án gríns.“

Tími mótaður af mönnum eins og Guðbergi

Hallgrímur rifjar upp að þetta hafi verið andinn þegar hann var að vaxa úr grasi: „Eintóm spéhræðsla. Aldrei að láta blotta sig, aldrei að sýna veika punkta eða láta glitta í þinn innri mann. Allir voru svakalegir töffarar



Heimildin, 25.10.2024, síðu 43.
grein stærð: 871.37 sm2
grein hæð: 37.84 sm



út á við og veikleiki að tala um svona vesenis-hluti. Hvarflaði ekki að neinum. Þessi tími var að einhverju leyti mótaður af mönnum eins og Guðbergi. Þannig að þarna voru tvennir tímar að takast á. Einhver gatnamót. En ég held að Guðbergur hafi farið verst út úr þessu sjálfur. Og Eiríkur líka. Þetta var ekki létt fyrir þá. Þeir skutu sig í fótinn.“

Kemur ríkari út úr reynslunni

Hann segir þetta mál hafa verið einn af þröskuldunum sem þurfi að komast yfir ætli maður að halda áfram.

„Mér finnst ég komast yfir hann. Stundum skila þessir þröskuldar manni á annað stig, maður kemur ríkari út úr reynslunni þótt hún hafi verið erfið og sár. Mér fannst bara óskiljanlegt að menn gætu gert lítið úr þolanda nauðgunar sem stígur fram og segir frá henni. Ég hélt að þetta væri ekki til.

Eftir pistilinn fékk Eiríkur síðan Birnu Bjarnadóttur, sjálfan Guðbergsfræðinginn, til að rakka niður bókina mína í Víðsjá, þannig að þetta var allt heldur lúalegt og kom mér niður í mikið þunglyndi sem leiddi mig að lokum inn á Stígamót. Það var þó auðvitað besta lækningin og strax eftir þessa dimmu jólavertíð var ég svo kominn alla leið til Kochi á Indlandi, eins langt

> ***Mér fannst bara óskiljanlegt að menn gætu gert lítið úr þolanda nauðgunar sem stígur fram og segir frá henni***

í burtu og ég gat. Og þar byrjaði ég að skrifa Sexíu kíló af sólskini.“

Hefði þessi þríleikur orðið það sem hann er án þessarar reynslu?

„Ég efast svolítið um það. Að losa mig við nauðgunarbyrðina endurnýjaði mig sem höfund og listamann. Stíllinn breyttist hjá mér, varð meira meðlíðandi, og dýpri kannski.“

„Sögðu hreinlega að ég hefði drepið hann“

Hallgrímur kveðst hafa kyngt meinhæðninni á sínum tíma, árið 2015. „Ég svaraði þeim í engu, þetta var ekki svara vert, en eftir að MeToo-bylgjan reið yfir heiminn skrifaði Eiríkur á Facebook að hann stæði alltaf með konum. Þá sprakk hjá mér lyklaborðið og ég vissi ekki fyrr en ég hafði rifjað upp hvernig hann hafði brugðist við mínum skrifum á sínum tíma. Þá urðu svolítil læti í kringum það.“

Tókstu það inn á þig?

„Það var alveg erfitt líka, en bara nauðsynlegt. Þá var ég búinn að halda í mér í sex ár – með að svara þessu. En þarna verður smá slagur á Facebook og nokkrir kollegar melduðu sig til stuðnings honum. Þetta var vorið 2021. Eiríkur baðst loks afsökunar og ég tók það gilt. Þar sem þetta fór allt fram á Facebook fannst mér við hæfi að málinu yrði lokið í Víðsjá, þar sem það hófst, og beindi þeirri hugmynd til Þrastar Helgasonar sem þá var yfir Rás eitt. En í stað umfjöllunar kom bara stutt afsökunarbeiðni frá Eiríki, ansi snautleg og helguð því að ég hefði farið fram á hana! Þetta endaði því hálfömurlega.“

Hann segir að sér hafi brugðið mjög þegar Eiríkur dó.

„Það var mikið sjokk. Ég hafði hitt hann skömmu áður og brugðið að sjá hversu illa farinn hann var þá. En mig hafði ekki órað fyrir að hann myndi brenna svona hratt upp. Og auðvitað fæddust hugsanir sem ásökuðu sjálfan mig um að ég ætti kannski þátt í vanlíðan hans, að allt þetta mál okkar hefði verið honum fullþungbært. Þegar Eiríkur dó heyrði ég svo bæði raddir og las á netinu setningar sem sögðu hreinlega að ég hefði drepið hann. Sem var auðvitað mjög erfitt að heyra. Ég bandaði því frá mér og reyni að hugsa ekki of mikið um þetta.“

Hallgrímur fór í jarðarförina hans, í fjölmenna Hallgrímskirkju.

„Mér fannst mjög gott að fara, af því mér þótti líka vænt um hann og reyndi að hugsa um menningarmanninn mikla, með fínlegustu listviðtökustöðvar landsins, sem ég kynntist skömmu eftir að 101 Reykjavík kom út og boðaði mig í viðtal heim til sín á Grettisgötuna. Og mér þótti sérstaklega vænt um líkræðuna sem Jón Kalman flutti. Því hann sagði sannleikann. Um vin sinn. Fyrir framan fulla Hallgrímskirkju og fjölskyldu Eiríks. Það þótti mér heiðarlegt og vogað og rétt af honum að gera. Dramatíkin blossaði svo upp hjá mér þegar ég þakkaði honum fyrir ræðuna eftir athöfn. Þá var gott að gráta í Kalmans-faðmi.“

„Stundum koma áföllin í kippum“

En haustið 2015 var kolsvart – að sögn hans. „Ég var að mála svartar myndir, þrjár af þeim eru hér á sýningunni, og svo misstum við fyrsta barnabarnið skömmu áður en það fæddist, í lok september, og í kjölfarið kom svo Guðbergur með sitt framlag … Stundum koma áföllin í kippum.“

En þú miðlar þínu og það gagnast öðrum – er það ekki?

„Jú, oft er það þannig. Ég málaði mynd af pabba eins og hann var daginn áður en hann dó haustið 2020. Það var komin í hann angistin og undrunin yfir endalokunum miklu. Stórt móment sem var auðvitað erfitt fyrir fjölskylduna að horfa upp á, en er um leið sammannlegt dæmi sem allir þekkja. Það er listin: Að gera persónulega upplifun, harma sína og hörmungar, að almannaeign.“

Höfundar geta umbreytt áföllum í listræna sigra

Hallgrímur hikar en segir síðan: „Hið listræna vald er ærið lúmskt. Rithöfundar geta til dæmis gert upp áföll sín í texta og jafnvel gert óvildarmenn sína að sögupersónum eins og Salman Rushdie þegar hann tilkynnti að sá sem réðst á og stakk hann væri nú hans. He is now mine! Þá hafði hann sigrast á árásarmanninum með því að gera hann að persónu í bók sinni um atburðinn. Mér fannst það ansi flott. Þannig geta rithöfundar oft leyst sín vandamál í skáldskap og umbreytt áföllum sínum í listræna sigra.

Þess vegna eru rithöfundar svo umdeildir stundum, því þeir hafa valdið til að segja söguna, þá sögu sem lifir inn í framtíðina. Þetta veit fólk og er því ekki sama hvernig sú saga endar á prenti.“

Þá aftur að þríleiknum; sögu þjóðar og orðspors. *Er landanum sérlega annt um orðspor sitt og … er það eins konar söguvitund?*

„Við erum náttúrlega ritóð og hér vilja allir komast á prent. Þetta er auðvitað blandað okkar fámenni og miklu ritmenningu. Það eru skrifuð eftirmæli um hvern einasta Íslending sem lifað hefur, því fólk veit sem er að sá sem ekki finnst í annálum hefur aldrei verið til. Það besta sem rithöfundur getur hins vegar gert er að fiska þær sögur úr tímadjúpinu sem hjálpa þjóðinni að sjá sig upp á nýtt og finna samhengið í eigin sögu. Heimskringla ber nafn með rentu. Í hvert sinn sem hún er lesin opnast heimurinn eins og hann var fyrir þúsund árum. Í knöppu blekpári á kálfskinn birtast ævir konunga, heilu og hálfu þjóðirnar.“ H